

Heilbrigðisstofnun Norðurlands
08 757

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Starfspáttayfirlit	6
Skýringar	7

Heilbrigðisstofnun Norðurlands

kt. 551014-0290

Auðbrekku 4, 640 Húsavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Heilbrigðisstofnun Norðurlands er ríkisaðili í A-hluta sem veitir heilsugæsluþjónustu, sjúkrahúsþjónustu auk öldrunarþjónustu í formi hjúkrunar- og dvalarrýma. Starfsemi Heilbrigðisstofnunar Norðurlands nær frá Blönduós í vestri til Þórshafnar í austri.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir nokkur málefnasvið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfsbáttayfirliti.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 6.583,5 milljónir og afkoma kr. -63,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 5,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 867,6 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Heilbrigðisstofnunar Norðurlands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstjóri og framkvæmdastjóri fjármála og stoðsviða HSN staðfesta hér með ársreikning Heilbrigðisstofnunar Norðurlands fyrir árið 2019 með undirritunum sínum.

Jón Helgi Björnsson,
forstjóri

Þórhallur Harðarson,
framkvæmdastjóri fjármála og stoðsviða

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	5.836.600.000	5.437.009.416
Seld þjónusta	3	575.362.656	558.410.893
Vörusala		40.050.999	24.698.450
Framlög og ýmsar tekjur	4	70.679.045	66.975.845
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	60.794.137	47.723.089
Tekjur samtals		6.583.486.837	6.134.817.693
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	4.655.417.208	4.333.137.498
Annar rekstrarkostnaður	6	1.929.933.444	1.626.474.462
Afskriftir	7	60.794.137	47.723.089
Gjöld samtals		6.646.144.789	6.007.335.049
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(62.657.952)	127.482.644
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		269.977	267.147
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(1.253.245)	(1.789.273)
		(983.268)	(1.522.126)
Afkoma ársins		(63.641.220)	125.960.518

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	<u>4.050.862</u>	<u>7.934.909</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		219.532.699	141.807.719
Farartæki og vélar		71.743.381	74.109.063
Aðrar eignir		<u>1.604.393</u>	<u>23.908.802</u>
		<u>292.880.473</u>	<u>239.825.584</u>
Fastafjármunir samtals		<u>296.931.335</u>	<u>247.760.493</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	10	31.928.810	38.140.715
Viðskiptakröfur		31.979.952	42.665.401
Tengdir aðilar	11	328.985.798	332.191.674
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		33.092.447	15.883.518
Handbært fé	12	<u>144.720.488</u>	<u>138.267.663</u>
Veltufjármunir samtals		<u>570.707.495</u>	<u>567.148.971</u>
Eignir samtals		<u>867.638.830</u>	<u>814.909.464</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	13		
Hrein eign		<u>5.038.685</u>	<u>68.679.905</u>
Eigið fé samtals		<u>5.038.685</u>	<u>68.679.905</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	36.194.739	47.489.849
Viðskiptaskuldir		121.191.460	116.450.057
Ýmsar skammtímaskuldir	14	388.259.846	334.963.324
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	15	<u>316.954.100</u>	<u>247.326.329</u>
Skuldir samtals		<u>862.600.145</u>	<u>746.229.559</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>867.638.830</u>	<u>814.909.464</u>
Aðrar upplýsingar	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(63.641.220)	125.960.518
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	60.794.137	47.723.089
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(60.794.137)	(47.723.089)
		<u>(63.641.220)</u>	<u>125.960.518</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(6.523.480)	1.621.517
Tengdir aðilar		(8.089.234)	25.915.431
Birgðir		6.211.905	(13.651.292)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		58.037.925	(22.165.617)
		<u>49.637.116</u>	<u>(8.279.961)</u>
		<u>(14.004.104)</u>	<u>117.680.557</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		0	(7.769.650)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(135.564.979)	(63.274.514)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		3.500.000	1.510.000
		<u>(132.064.979)</u>	<u>(69.534.164)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		124.400.000	69.100.000
Gjafaframlög til fjárfestinga		28.121.908	0
		<u>152.521.908</u>	<u>69.100.000</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		6.452.825	117.246.393
		<u>138.267.663</u>	<u>21.021.270</u>
		<u>144.720.488</u>	<u>138.267.663</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2019, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Heilsugæslusvið 08 757 101	Sjúkrasvið 08 757 111	Hjúkrunarrými 08 757 121	Samtals 2019
	Málefnasvið - málaflokkur			
	24 10	23 20	25 10	
Tekjur				
Tekjufærsla fjárveitinga	3.430.600.000	986.200.000	1.419.800.000	5.836.600.000
Seld þjónusta	237.314.768	111.528.459	226.519.429	575.362.656
Vörusala	16.745.409	23.254.370	51.220	40.050.999
Framlög og ýmsar tekjur	34.086.534	34.768.358	1.824.153	70.679.045
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	40.029.513	17.173.733	3.590.891	60.794.137
Tekjur samtals	3.758.776.224	1.172.924.920	1.651.785.693	6.583.486.837
Gjöld				
Laun og launatengd gjöld	2.495.407.862	774.397.668	1.385.611.678	4.655.417.208
Annar rekstrarkostnaður	1.239.454.973	357.479.681	332.998.790	1.929.933.444
Afskriftir	40.029.513	17.173.733	3.590.891	60.794.137
Gjöld samtals	3.774.892.348	1.149.051.082	1.722.201.359	6.646.144.789
Afkoma fyrir fjármagnsliði	(16.116.124)	23.873.838	(70.415.666)	(62.657.952)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	(193.891)	463.868	0	269.977
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(771.616)	(226.304)	(255.325)	(1.253.245)
	(965.507)	237.564	(255.325)	(983.268)
Afkoma ársins	(17.081.631)	24.111.402	(70.670.991)	(63.641.220)
Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum				
Rekstur	(17.081.631)	24.111.402	(70.670.991)	(63.641.220)
	(17.081.631)	24.111.402	(70.670.991)	(63.641.220)
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:				
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	3.309.900.000	973.800.000	1.419.800.000	5.703.500.000
Fjáraukalög	9.700.000	0	0	9.700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	111.000.000	12.400.000	0	123.400.000
Fjárveiting til tekna	3.430.600.000	986.200.000	1.419.800.000	5.836.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(3.447.681.631)	(962.088.598)	(1.490.470.991)	(5.900.241.220)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(17.081.631)	24.111.402	(70.670.991)	(63.641.220)
Staða fjárveitinga 2018 í lok þess árs	114.102.212	319.599.101	(371.339.672)	62.361.641
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum				
Rekstur	97.020.581	343.710.503	(442.010.663)	(1.279.579)
	97.020.581	343.710.503	(442.010.663)	(1.279.579)
Fjárfestingar				
Fjárveiting ársins skv. Fjárlögum og Fjáraukalögum	14.500.000	23.900.000	1.000.000	39.400.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	0	85.000.000	0	85.000.000
Fjárfesting á árinu	(78.397.643)	(41.797.809)	(15.369.527)	(135.564.979)
Sala fastafjármuna	1.500.000	2.000.000	0	3.500.000
Styrkir veittir til fjárfestinga	12.595.893	14.112.695	1.413.320	28.121.908
Staða fjárfestingafjárveitingar	(49.801.750)	83.214.886	(12.956.207)	20.456.929
Staða fjárfestinga 2018 í lok þess árs	(25.919.820)	30.466.167	(4.980.511)	(434.164)
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2019	(75.721.570)	113.681.053	(17.936.718)	20.022.765

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ávæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að fráreginni virðisýrningu og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrningu.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisýrningu. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrningunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað/10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Skýringar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	5.836.600.000	5.453.109.416
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(16.100.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	5.836.600.000	5.437.009.416
Tekjufærsla frestaðra tekna	60.794.137	47.723.089
	5.897.394.137	5.484.732.505

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	5.703.500.000	0	0	5.703.500.000
Fjáraukalög	9.700.000	0	0	9.700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	123.400.000	0	0	123.400.000
Fjárveiting til tekna	5.836.600.000	0	0	5.836.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	(5.900.241.220)	0	0	(5.900.241.220)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(63.641.220)	0	0	(63.641.220)

	2019	2018
3 Seld vara og þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	314.581.925	294.089.122
Verksala	24.497.816	21.129.075
Ýmsar þjónustutekjur	6.651.926	3.695.013
Gjöld fyrir vistun	144.670.947	156.992.200
Veitingasala	84.258.818	82.505.483
Fræðslustarfsemi og fundir	701.224	0
	575.362.656	558.410.893

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	50.918.114	47.676.514
Afnotagjöld	938.429	661.043
Kostnaðarhlutdeild	0	1.107.541
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	8.549.996	9.199.996
Ýmsar tekjur	10.272.506	8.330.751
	70.679.045	66.975.845

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	3.758.597.643	3.503.387.460
Orlof, breyting	17.003.259	2.605.011
Launatengd gjöld	848.489.795	804.403.446
Lífeyrisgreiðslur	20.335.266	17.873.590
Starfsmannakostnaður	10.991.245	4.867.991
	4.655.417.208	4.333.137.498

Meðalfjöldi stöðugilda	384,3	377,1
------------------------------	-------	-------

Skýringar

	2019	2018
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	8.507.140	6.751.257
Byggingarvörur, almennar	112.891	684.756
Byggingarvörur, aðrar	143.287	1.995
Tæki og búnaður til innréttinga	1.130.434	434.785
Ýmis tæki og áhöld	7.908.281	5.928.770
Varahlutir og viðhaldsvörur	4.188.072	4.492.157
Orkugjafir	60.389.126	58.597.327
Matvæli	150.884.767	140.101.409
Almennar rekstrarvörur	39.019.023	28.556.454
Vörukaup, almenn	272.283.021	245.548.910
Rannsóknarstofuefni	53.088.038	42.060.847
Lyf og tengd efni	80.767.663	58.847.664
Lækninga- og hjúkrunarvörur	52.894.989	43.076.516
Sjúkrahústæki og áhöld	2.675.123	1.658.295
Kennslu- og föndurvörur	653.540	797.729
Ýmsar sérgreindar vörur	44.227	0
Vörukaup, sérgreind	190.123.580	146.441.051
Fundir, námskeið, risna	9.934.810	10.988.925
Ferðir, uppihald	27.351.900	26.306.082
Akstur	84.872.177	79.627.714
Sérfræðiþjónusta	494.559.530	510.986.771
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	3.126.353	3.311.654
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	7.789.798	5.119.618
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	22.149.400	18.398.108
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	649.783.968	654.738.872
Samningsbundin kaup og leiga	4.489.766	4.234.799
Afnotagjöld	82.660.784	81.341.152
Leigugjöld	600.885.578	398.181.490
Notkun véla og flutningatækja	3.273.164	3.265.127
Verkkaup	95.038.003	88.169.738
Kostnaðarhlutdeild	3.843.024	1.673.602
Áhættutap og bætur	78.933	121.984
Tryggingar, lögboðnar	3.974.213	3.341.939
Opinber gjöld	9.125.389	8.854.112
Tapaðar kröfur	(5.150)	100
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	803.363.704	589.184.043
Annar rekstrarkostnaður samtals	1.929.933.444	1.626.474.462
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	37.788.866	28.690.510
Farartæki og vélar	13.525.314	14.094.749
Aðrar eignir	204.409	252.591
Sölutap og úreltar eignir	5.391.501	1.178.007
Niðurfærsla óefnislegra eigna	3.884.047	3.507.232
	60.794.137	47.723.089

Skýringar

8 Óefnislegar eignir

	31.12.2019	31.12.2018
Óefnislegar eignir	4.050.862	7.934.909
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2019:		Hugbúnaður
Stofnverð 1.1.2019		11.653.330
		11.653.330
Niðurfært 1.1.2019		3.718.421
Niðurfærsla ársins		3.884.047
		7.602.468
Staða 31.12.2019		4.050.862

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld og búnaður	137.713.549	91.856.990
Lækninga- og rannsóknartæki	81.819.150	49.950.729
Áhöld, tæki og búnaður samtals	219.532.699	141.807.719
Farartæki og vélar	71.743.381	74.109.063
Fasteignir	0	22.100.000
Aðrar eignir	1.604.393	1.808.802
	292.880.473	239.825.584

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019	290.316.466	127.578.678	28.037.493	445.932.637
Viðbætur á árinu	117.269.577	18.295.402	0	135.564.979
Eignir afhentar ríkissjóði	0	0	(22.100.000)	(22.100.000)
Selt/niðurfært á árinu	(9.344.880)	(21.450.000)	(2.136.050)	(32.930.930)
	398.241.163	124.424.080	3.801.443	526.466.686
Afskriftir 1.1.2019	148.508.747	53.469.615	4.128.691	206.107.053
Selt/niðurfært á árinu	(7.589.149)	(14.314.230)	(2.136.050)	(24.039.429)
Afskrift ársins	37.788.866	13.525.314	204.409	51.518.589
	178.708.464	52.680.699	2.197.050	233.586.213
Staða 31.12.2019	219.532.699	71.743.381	1.604.393	292.880.473

10 Birgðir

	31.12.2019	31.12.2018
Vörubirgðir matvæli	8.035.665	7.114.529
Vörubirgðir lyf og sjúkrahúsvörur	23.893.145	31.026.186
	31.928.810	38.140.715

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
--	------------	------------

11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	311.794.850	402.805
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	17.190.948	27.275.269
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	304.513.600
	<u>328.985.798</u>	<u>332.191.674</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	36.194.739	47.489.849
	<u>36.194.739</u>	<u>47.489.849</u>

12 Handbært fé

Sjóðir	267.517	205.488
Tékkareikningar	41.744.795	138.062.175
Sparisjóðsreikningar	102.708.176	0
	<u>144.720.488</u>	<u>138.267.663</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 15,4 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	68.679.905	(57.280.613)
Afkoma ársins	<u>(63.641.220)</u>	<u>125.960.518</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>5.038.685</u>	<u>68.679.905</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

14 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	349.076.343	332.073.084
Ógreidd laun	25.163.952	0
Önnur ógreidd gjöld	14.019.551	2.890.240
	<u>388.259.846</u>	<u>334.963.324</u>

Skýringar

15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	296.931.335	247.760.493
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	20.022.765	(434.164)
	<u>316.954.100</u>	<u>247.326.329</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestingafjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	247.760.493	(434.164)	247.326.329
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	124.400.000	124.400.000
Gjafir til fjárfestinga	0	28.121.908	28.121.908
Fasteignir afhentar ríkissjóði	(22.100.000)	0	(22.100.000)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	(3.500.000)	3.500.000	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	135.564.979	(135.564.979)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(60.794.137)	0	(60.794.137)
	<u>296.931.335</u>	<u>20.022.765</u>	<u>316.954.100</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 58 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

16 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, ýmsa rekstrar- og þjónustusamninga m.a. vegna læknissþjónustu, sjúkraflutninga, lyfjaeftirlits, ræstingu, þvott á líni o.fl. og einnig styrktar- og samstarfssamning vegna endurmenntunar starfsmanna. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 601,9 milljónum, vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 296 milljónum og vegna styrktar- og samstarfssamninga 4 milljónum.

Stofnunin ber hlutdeild í lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sem látið hafa af störfum. Lífeyrisskuldbindingin hefur ekki verið skuldfærð í reikningsskil stofnunarinnar en greiðsla af henni á árinu 2019, kr. 20,3 milljónir, er gjaldfærð meðal launa.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekkstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.